

Ed.

**173. Frumvarp til laga**

[106. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af innlendum viðskiptum, eins og nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 7½% — sjö og hálfan af hundraði — skatts þess, sem um ræðir í 1. mgr.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta og endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu skal greiða 8% — átta af hundraði — söluskatt, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

3. gr.

Við gildistöku laga þessara fellur úr gildi 5. gr. laga nr. 1 31. janúar 1964, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Við tollafgreiðslu vöru til eigin neyzlu eða nota innflytjanda, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, skal innheimta 8% — átta af hundraði — söluskatt frá og með 1. janúar 1965. Þó skal innheimta 5½% — fimm og hálfan af hundraði — sölu-skatt við tollafgreiðslu slíkrar vöru, ef innflytjandi hefur fyrir 1. janúar 1965 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess, að unnt sé að tollafgreiða vöruna, sbr. 14. gr. laga nr. 7/1963, um tollskrá o. fl. Þetta gildir þó því aðeins, að tollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 8. janúar 1965.

Fyrirmæli 1. mgr. gilda við tollafgreiðslu vöru til eigin neyzlu eða nota innflytjanda, sem hefur verið afhent honum fyrir 1. janúar 1965 með leyfi töllyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 22. gr. laga nr. 7/1963, um tollskrá o. fl., enda eigi fullnaðar tollafgreiðsla sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara.

Hafi verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu fyrir gildistöku laga þessara, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, og sala eða afhending sams konar vöru, vinnu eða þjónustu er skattskyld samkvæmt lögum nr. 10/1960, um söluskatt, þá skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar hækkun á söluskattinum, nema sannað sé, að skatturinn hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að söluskattur hækki í 8% úr 5½%, eins og hann er nú, samkv. lögum nr. 10/1960, sbr. 5. gr. laga nr. 1/1964.

Gera má ráð fyrir, að gjaldahlið fjárlagafrv. muni hækka sem næst um 372 millj. kr. í meðförum Alþingis. Stafa þær hækkunar í meginatriðum af því, sem nú skal greina:

1. Tillögur fjárveitinganefndar nema væntanlega um 55 millj. kr.
2. Með samkomulaginu í júní s. l. um kaupgjaldsmál o. fl. var gert ráð fyrir, að vísitölunni yrði með auknum niðurgreiðslum, umfram það, sem fjárlög áætluðu, haldið óbreytt fyrst um sinn, en fjár til þeirra yrði aflagð þegar Alþingi kæmi saman eða eigi síðar en í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1965. Þessar viðbótarniðurgreiðslur nema á árinu 1964 um 68 millj. kr.
3. Til þess að geta haldið niðurgreiðslum óbreyttum frá því, sem nú er, þurfa útgjöld til þeirra að aukast um 207 millj. kr. frá því, sem áætlað er í fjárlagafrv.
4. Þar eð kaupgjald er nú tengt vísitölu, hljóta þær verðhækkunar, sem af hækkun söluskatts leiðir, að valda kauphækkun. Enn fremur eru fram undan nokkrar aðrar verðlagshækkunar, ótengdar hækkun söluskattsins. Gera má ráð fyrir, að þetta tvennt til samans muni leiða til 3% kauphækkunar, þegar áhrif þessara hækkana eru að fullu fram komin.
5. 3% kauphækkun mun valda ríkissjóði auknum útgjöldum, sem áætlað er að nemi um 42 millj. kr. á árinu 1965 vegna launagreiðslna ríkisins og hækkunar almannatrygginga.

Nauðsynlegt er að hækka tekjuliði fjárlagafrv. til samræmis við framangreinda útgjaldaaukningu. Athugað hefur verið, hvort fært sé að hækka áætlun einstakra tekjuliða. Slíkt virðist ekki vera fyrir hendi, nema að því er snertir aðflutningsgjöld og hluta af gengismismun og umboðspóknun. Er ákveðið að hækka fyrri liðinn um 34 millj. kr. og hinn síðari um 3. Þá hefur verið ákveðið að nota heimild 16. gr. laga nr. 4/1960 til að hækka leyfisgjöld af bifreiðum og bifhjólum um 25%. Tekjur af þessu eru áætlaðar 28 millj. kr.

Lagt er til, að þeirra 307 millj. kr., sem þá standa eftir, verði aflagð með þeirri hækkun söluskatts, sem frumvarp þetta felur í sér. Er þá gert ráð fyrir, að hvert 1% söluskatts gefi 123 millj. kr. í tekjur, og er það hið sama og áætlun fjárlagafrv. á þessum tekjulið var reist á. Í frv. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 7½% af skatti þeim, er um ræðir í 1. gr. Svarar það til þess hlutfalls, sem Jöfnunarsjóðurinn fær nú af söluskatti.